

Purfum að geta sýnt fram á heilnæmi fiskneyslu (Úr Rannísblaðinu, 20. október 2005)

Eitt af megin viðfangsefnum Rf er að finna leiðir til að auka verðmæti íslensks sjávarfangs, enda brýnt að nýta takmarkaðar auðlindir eins vel og mögulegt er. Öryggi sjávarfangs er annað lykilatriði, ekki þarf að orðlengja hvaða tjón neikvæð umræða, t.d. um heilnæmi fiskneyslu, gæti haft og því nauðsynlegt fyrir fiskveiðipjóð eins og Íslendinga að vera sífellt "á tánum" hvað þetta varðar.

Fyrir á þessu ári hófst tveggja ára verkefni á Rf sem nefnist "Verðmæti og öryggi íslenskra sjávarafurða" og er það styrkt af AVS sjóði sjávarútvegsráðuneytisins. Markmið þess er að sýna á vísindanlega hátt fram á öryggi íslenskra sjávarafurða og stuðla þannig að því að tekjur af útflutningi þeirra séu tryggðar til framtíðar.

Að sögn þeirra Evu Yngvadóttur og Birnu Guðbjörnsdóttur, sem að stýra verkefninu fyrir hönd Rf, verður í því lagður grunnur að áhættumati fyrir íslenskar sjávarafurðir. Sjávarafurðir verða kortlagðar m.t.t. hugsanlegrar efna- og örverumengunar og þannig fæst fram áhættusamsetning þeirra. Völdum afurðum verður síðan raðað eftir alvarleika áhættu (áhætturöðun) og s.k. hálf-magnbundið áhættumat framkvæmt á þeim. Þannig er hægt að beina rannsóknum og fyrirbyggjandi

aðgerðum að þeirri hættu sem mikilvægast er að glíma við. Við áhættumatið verður m.a. notað reiknilíkan sem þróað hefur verið í Ástralíu og nefnist Risk Ranger. Við áhættumatið verða einnig notuð gögn um neysluvenjur (skammtastærðir, tíðni neyslu o. fl.), tíðni og orsakir fæðuborinna sjúkdóma. Gögn verða fengin úr gagnaböndum (t.d. gagnaböndum WHO, FAO), birtum skýrslum (t.d. Rf skýrslum) og greinum (t.d. erlendum og innlendum fagtímaritum). Að lokum verða skilgreind þau svið þar sem þekkingu og rannsóknarniðurstöður vantar til að framkvæma nákvæmara áhættumat.

Rf er nú í samningaviðræðum við Evrópusambandið varðandi styrk á verkefni sem heitir "QALIBRA"-Quality of life: Integrated benefit and risk analysis: Web-based tool for assessing food safety and health benefits" Verkefnið er til rúmlega þriggja ára þar sem m.a. verður búið til tölvuforrit sem hægt verður að nota til að reikna út og meta ávinning/heilsubót (jákvæða þætti) og áhættu (neikvæða þætti) sem geta fylgt neyslu ákveðinna matvæla.

Rf leiðir verkefnið og samstarfsaðilar eru frá Englandi, Hollandi, Portúgal, Ungverjalandi og Grikklandi.



Birna Guðbjörnsdóttir (t.v.) og Eva Yngvadóttir

Nánari upplýsingar veitir Eva Yngvadóttir:
Sími: 530 8656
Netfang: eva@rf.is